

# Stofnanasamningur milli SFR og Útlendingastofnunar um reglur við röðun starfa.

(Samkvæmt 11. kafla í kjarasamning félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 9. mars 2005.)

## 1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá Útlendingastofnun hverju sinni. Samkomulagið er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, dagsett 9. mars 2005.

## 2. Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- a. að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis,
- b. að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til áhrifa á framgang í starfi,
- c. að launakerfið stuðli að því að tekin verði upp starfsmannaviðtöl/frammistöðumat a.m.k. einu sinni á ári. Skal þeirri vinnu vera lokið fyrir 1. maí ár hvert.

## 3. Starfaflokkar

Launakerfi Útlendingastofnunar byggir á eftirfarandi starfaflokkum sem útheimta sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

### 1. Fulltrúi 1

Starfsmaður, sem hefur sjálfstæða umsjón með ákveðnum verkefnum en vinnur undir daglegri stjórn annarra. Starfið felur í sér þjónustuhlutverk við viðskiptavini og skráningu umsókna. Um getur meðal annars verið að ræða móttöku, samantekt og afhendingu gagna.

### 2. Fulltrúi 2

Starfsmaður, sem hefur sjálfstæða umsjón með ákveðnum verkefnum en vinnur undir daglegri stjórn annarra. Verkefni hans felast í úrvinnslu gagna á grundvelli fyrirfram gefinna forsenda laga, reglugerða eða vinnureglna ásamt þjónustuhlutverki við viðskiptavini, s.s. móttöku, sí mavörslu, samantekt og afhendingu gagna.

### 3. Fulltrúi 3

Starfsmaður, sem hefur sjálfstæða umsjón með ákveðnum málaflokkum eða verkefnum en vinnur undir stjórn annarra. Verkefni hans felast í sérhæfðri úrvinnslu gagna. Um getur meðal annars verið að ræða eftirfylgni ákvarðana og úrlausn álitamála, samskipti við samstarfsstofnanir og viðskiptavini.

#### **4. Stjórnandi 1**

Starfsmaður, sem hefur mögulega umsjón með starfi annarra starfsmanna. Verkefni hans fela í sér stjórnun, áætlanagerð, skipulagningu og samhæfingu við meginmarkmið Útlendingastofnunar, útteilingu verkefna og ábyrgð á verkefnum, sem eru jafnvel í daglegri umsjón annarra auk samskipta við ráðuneyti og samstarfsstofnanir innanlands sem utan.

#### **4. Grunnröðun starfa**

Eftirfarandi launaflokkar skulu vera lágmarkslaun fyrir hvern starfaflokk.

Skilgreining starfsmanna í launaflokka skal liggja fyrir við ráðningu.

**Fulltrúi 1 - 08**

**Fulltrúi 2 - 12**

**Fulltrúi 3 - 15**

**Stjórnandi 1 – 19**

#### **5. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka**

##### **5.1 Menntun, starfsnám, endurmenntun og námskeið.**

a. Starfsmaður, sem lokið hefur menntun, sem nýtist í starfi, og ekki hefur verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal ráðast hærra en að framan greinir, skv. eftirfarandi:

- 1 launaflokk til viðbótar vegna a.m.k. 30 eininga náms, sem samsvarar einu skólaári umfram skólaskyldu.
- 1 launaflokk til viðbótar við námslok á framhaldsskólastigi.

b. Starfsmaður, sem lokið hefur einungum á háskólastigi, sem nýtist í starfi, skal ráðast hærra en að framan greinir, skv. eftirfarandi:

- 1 launaflokk vegna 30 eininga náms, sem samsvarar einu skólaári.

c. Starfsmaður, sem lokið hefur viðurkenndri starfsmenntun eða námskeiðum, sem nýtist í starfi, skal fá metið til launaflokkahækkana allt að 200 kennslustundir skv. eftirfarandi:

- 1 launaflokk eftir 60 kennslustundir.
- 1 launaflokk til viðbótar eftir 120 kennslustundir.
- 1 launaflokk til viðbótar eftir 200 kennslustundir.

e. Starfsmaður sem sækir fræðslu- eða þjálfunarnámskeið skv. heimild stofnunarinnar, eða í samræmi við endurmenntunar-/starfsþróunaráætlun stofnunarinnar, skal halda reglubundnum launum á meðan.

## 5.2. Starfsreynsla

Meta skal þá auknu starfsreynslu sem starfsmaður öðlast í starfi með eftirfarandi hætti:

- a. Eftir 3 mánuði í starfi hjá Útlendingastofnun skal starfsmaður hækka um a.m.k. 1 launaflokk.
- b. Eftir 1 ár í starfi hjá Útlendingastofnun skal starfsmaður hækka um a.m.k. 1 launaflokk til viðbótar.
- c. Eftir 3 ár í starfi hjá Útlendingastofnun skal starfsmaður hækka um a.m.k. 1 launaflokk til viðbótar.
- d. Eftir 5 ár í starfi hjá Útlendingastofnun skal starfsmaður hækka um a.m.k. 1 launaflokk til viðbótar.
- e. Eftir 7 ár í starfi hjá Útlendingastofnun skal starfsmaður hækka um a.m.k. 1 launaflokk til viðbótar.
- f. Eftir 10 ár í starfi hjá Útlendingastofnun skal starfsmaður hækka um a.m.k. 1 launaflokk til viðbótar.

## 5.3. Mat á einstökum störfum

Við röðun starfs í launaflokk umfram það sem greint er í liðum 4 til 5.2 skal taka tillit til þess að ýmsir þættir geta orðið til að raða starfi ofar en grunnröðun gefur tilefni til, s.s.:

- starfið er mjög umfangsmikið,
- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð,
- hæfniskröfur, sem gerðar eru til starfsins, eru meiri en almennt gerist,
- starfið felur í sér sérstaklega flók in verkefni,
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeiningar til annarra starfsmanna,
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar og/eða utan,
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðarbundið.

## 5.4 Mat á hæfni og frammistöðu einstakra starfsmanna

Við röðun starfsmanns í launaflokk umfram það sem greint er í liðum 4 til 5.3 skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

- starfsmaður hefur utanaðkomandi starfsreynslu eða þekkingu sem nýtist í starfi,
- starfsmaður sýnir sérstaka hæfni til samskipta og samvinnu,
- starfsmaður sýnir sérstaka hæfni og vilja til að fræða og leiðbeina öðrum,
- starfsmaður sinnir starfi á fleiri en einu verkswiði innan Útlendingastofnunar,
- starfsmaður sýnir sérstaklega góðan árangur í starfi,
- starfsmaður sýnir sérstakan áhuga og frumkvæði í starfi,
- starfsmaður sækist eftir að afla sér símenntunar.

**6. Gildistaka**

Samningur þessi tekur gildi 1. maí 2007.

**7. Endurskoðun** Endurskoðun samnings þessa ber að gera eins og kveðið er á um í 11.4.1. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, 9. mars 2005.

Reykjavík, 13.04.2007

f.h. Útlendingastofnunar

f.h. SFR – stéttarfélag í almannáþjónustu

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____